

AUGLÝSING

um skrá Samtaka áhugafólks um áfengis- og vímuefnavandann (kt. 671077-0169) skv. 2. mgr. 19. gr. laga nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna.

Á sjúkrahúsinu Vogu er starfrækt áfengis- og vímuefnamedferð. Þar er rúm fyrir 73 sjúklinga. Á meðferðarheimilunum Vík á Kjalarnesi og Staðarfelli í Dölum eru rúm fyrir 30 sjúklinga á hvorum stað. Sjúklingar á þessum stöðum verða ekki útskrifaðir tafarlaust. Ennfremur er nauðsynlegt að taka til meðferðar sjúka áfengis- og vímuefnaneytendur.

Í 2. gr. laga nr. 94/1986 er tekið sérstaklega fram að lög þessi nái einnig til starfsmanna sjálfseignarstofnana sem starfa í almannabágu skv. lögum og eru á fjárlögum.

Í 2. gr. laga nr. 94/1986 eru tilgreindir þeir sem ekki er heimilt að fara í verkfall og í 3. – 4. og 6. tl. 1. mgr. 19. gr. segir að heimild til að fara í verkfall nái eigi til þeirra er starfa við nauðsynlegustu öryggisgæslu og heilbrigðisþjónustu.

Í 2. mgr. 19. gr. er gert ráð fyrir að skrá yfir þá sem falla undir 3. – 4. og 6. tl. 1. mgr. 19. gr. laga nr. 94/1986 sé birtur opinberlega.

Fer hér á eftir skrá yfir alla þá starfsmenn sem skv. öllu ofanrituðu er óheimilt að fara í verkfall:

Sjúkrahúsið Vogur:

Læknar: Alls 2,5 stöðugildi. Læknar þessir gegna einnig störfum við meðferðarheimilin Vík og Staðarfell.

Hjúkrunarforstjóri: Alls 1,0 stöðugildi.

Hjúkrunarfræðingar: Alls 4,2 stöðugildi sem raðast þannig: 1 staða morgunvakt, 1 staða kvöldvakt og 1 staða næturvakt.

Sjúkraliðar: Alls 2,8 stöðugildi sem raðast þannig: 1 staða morgunvakt og 1 staða kvöldvakt.

Dagskrárstjóri: Alls 1,0 stöðugildi.

Ráðgjafar: Alls 7 stöðugildi, þar af 1,0 staða á vakt frá kl. 20.00 – 04.00 daglega.

Næturverðir: Alls 2,0 stöðugildi.

Eldhús: Alls 1,0 stöðugildi yfirmatreiðslumanns.

Meðferðarheimilið Vík, Kjalarnesi:

Dagskrárstjóri: Alls 1,0 stöðugildi.

Ráðgjafar: Alls 2,0 stöðugildi á vöktum alla daga vikunnar.

Meðferðarheimilið Staðarfelli í Dölum:

Dagskrárstjóri: Alls 1,0 stöðugildi.

Ráðgjafar: Alls 3,0 stöðugildi á vöktum alla daga vikunnar.

Skrifstofa Síðumúla 3:

Framkvæmdastjóri: Alls 1,0 stöðugildi.

Launafulltrúi: Alls 1,0 stöðugildi

Auglýsing þessi öðlast þegar gildi.

Reykjavík, 20. janúar 2005.

F.h. Samtaka áhugafólks um áfengis- og vímuefnavandann,

Ágúst Jónatansson.